
Minnisblað

Til: Efnahags-og viðskiptanefnd Alþingis

Frá: Jóni Kjartani Ágústssyni, svæðisskipulagsstjóra

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um söfnun upplýsinga um dreifingu starfa, 530.mál

Dags: 31. mars 2020

Svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins barst til umsagnar frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þingsályktunartillaga um söfnun upplýsinga um dreifingu starfa.

Þingsályktunartillögunni er fagnað og er tekið undir efnistöð hennar að öllu leyti.

Nýtt svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins tók gildi í lok árs 2015 og nefnist *Höfuðborgarsvæðið 2040*. Um er að ræða sameiginlega stefnu sveitarfélaganna Garðabæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kjósarhrepps, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar og Seltjarnarnesbæjar um náð samstarf, skipulagsmál og hagkvæman vöxt svæðisins næstu 25 árin, enda er höfuðborgarsvæðið eitt búsetusvæði, einn atvinnu- og húsnæðismarkaður með sameiginleg grunngerfi, útivistarsvæði, auðlindir og náttúru. Hryggjarstykkið í stefnunni er nýtt hágæða almenningssamgöngukerfi sem tengir kjarna sveitarfélaganna og flytur farþega með skjótum og öruggum hætti um höfuðborgarsvæðið. Stefnan undirstrikar mat sveitarfélaganna að það sé ekki raunhæft að höfuðborgarsvæðið vaxi til framtíðar með sama móti og það hefur gert síðustu 25 ár: með dreifingu byggðar og aukinni bílumferð.

Megin leiðarljós Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2040 eru annars vegar að fjölga íbúum og atvinnutækifærum á svokölluð kjarna- og samgöngumiðuðum þróunarsvæðum, sem hvoru tveggja eru svæði þar sem aðgengi að hágæða almenningssamgöngukerfi er mjög gott og hins vegar að byggja upp skilvirkt og nútímalegt samgöngukerfi með áherslu á almenningssamgöngur, gangandi og hjólandi.

Svo leiðarljós svæðisskipulags nái fram að ganga hafa sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu sett sér ákveðnar aðgerðir til að vinna eftir. Nokkrar aðgerðir hafa beinan snertiflöt við þingsályktunartillögu um dreifingu starfa. Þær eru:

- *Aðgerð 1.2.1. Svæðisskipulagsnefnd viðheldur kortagrunni og lykil-tölum um staðsetningu og uppbyggingu íbúða og starfa í miðkjörnum og öðrum samgöngumiðuðum þróunarsvæðum*
- *Aðgerð 1.2.3. Svæðisskipulagsnefnd setur fram fjögurra ára þróunaráætlun í samvinnu við sveitarfélögin. Í áætluninni komi fram fjöldi íbúða og starfa í miðkjörnum og öðrum samgöngumiðuðum þróunarsvæðum.*
- *Aðgerð 3.1.2. SSH viðheldur upplýsingum um dreifingu starfa og öðrum hagtölum sem tengjast þekkingargreinum, nýsköpun og ferðabjónustu og gera aðgengilegar.*

Í svæðisskipulagi koma einnig fram árangursmælikvarðar til að aðstoða við framfylgd á stefnu Höfuðborgarsvæðisins 2040 og eru tveir mælikvarðar með beinan snertiflöt við fyrrnefnda þingsályktunartillögu:

- *Árleg úttekt á dreifingu uppbyggingar. Fjöldi, gerð, þéttleiki og vöxtur íbúa/ íbúða, starfa og atvinnuhúsnæðis á miðkjörnum, samgöngumiðuðum þróunarsvæðum, öðru þéttbýli og dreifbýli.*
- *Mæling á fjöldi og vöxtur starfa og fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu eftir svæðum*

Af framangreindu má vera ljóst að aðgengi að upplýsingum um dreifingu starfa myndi vera til mikilla bóta fyrir sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins til að greina daglega ferðavenjur og gera þeim kleift að taka vel ígrundaðar ákvarðanir hvernig skuli þróa byggð, byggja upp vistvænar samgöngur og fylgjast með þróun mála.

Þingsályktunartillögunni er því fagnað og hvatt til þess að vinnu við gerð hennar sé flýtt eins og kostur er.


**Fyrir hönd Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH)
Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri.**

Til nánari upplýsinga má benda á í Bretlandi eru upplýsingar um dreifingu starfa nýttar í margskonar landfræði- og félagshagfræðilega greiningar, svo sem:

- Samhengi búsetu og ferðavals til og frá vinnu
- Samhengi tekjuhópa við búsetu og ferðavals
- Hópamyndun og sérhæfing „cluster“ ákveðinna tegunda starfa eftir svæðum
- Umhverfisáhrif ferðavals eftir búsetu og kolefnisspor
- Hlutfall umferðar sem kemur til vegna íbúa sem ferðast langar vegalengdir til vinnu

Til gaman hér er hlekkur á doktorsrannsókn frá University College London frá 2011 sem skoðar m.a. samband búsetu, ferðamáta, aðgengi að atvinnutækifærum og sjálfbærni í ferðamáta.

https://discovery.ucl.ac.uk/id/eprint/1324180/1/Smith_DASmith_PhDThesis_2011_imageedit.pdf#page=165&zoom=150,-170,608



Mynd 1. Dæmigerð landfræðileg rýni frá Lundínum. Hitakort til vinstri sýnir staðsetningu íbúa. Hitakort til hægri sýnir staðsetningu starfa.